

Nr. 033 / 12 Köfun

Slys við köfun í Silfru

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. apríl 2012 var erlend kona við köfun í Silfru á Þingvöllum.

Konan lenti í erfiðleikum á um 18 metra dýpi og var hjálpað upp á yfirborðið en hafði þá skerta meðvitund. Hún var flutt á sjúkrahús í Reykjavík og sett í þrýstiklefa.

Lögreglan á Selfossi fór með rannsókn málsins.

Samkvæmt lögum nr. 18/2013 fer Rannsóknarnefnd samgönguslysa ekki með rannsókn köfunarslysa nema um sé að ræða köfun í atvinnuskyni. Málið er því fellt niður.